

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

#### *Vaðölduver, vindlundur, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 10. apríl 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir allt að 120 MW vindlundi við Vaðöldu. Tillagan gerir ráð fyrir að afmarkað verði svæði þar sem heimilað er að reisa allt að 30 vindmyllur á svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi. Að auki er gert ráð fyrir safnstöð og tengivirki, tímabundnum vinnubúðum ásamt steypustöð. Einnig er gert ráð fyrir áningarstað, vegum, slóðum, jarðstrengjum og öðrum innviðum fyrir orkugarðinn. Aðkoma að svæðinu verður af Þjórsárdalsvegi (nr. 32).

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

#### *Múlaland, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 8. maí 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir Múlaland. Tillagan gerir ráð fyrir byggingu sumarhúss á landinu ásamt geymslum og mögulegu gestahúsi. Aðkoma að svæðinu er af Landvegi (nr. 26) til vesturs norðan við Brúarlund. Aðkoman er samnýtt með öðrum eigendum sem tilheyra F32 í aðalskipulagi.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

*Hellu, 28. maí 2024.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.